

Dags. fundar: 18. febrúar 2013	Tími: 17.15	Nr. fundar: 30
Fundarboðari: Ákveðið á síðasta fundi	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Laugardalslaug. Efri hæð

Efni fundar:

1. Sundþing SSÍ 22.-23. febrúar. Frágangur skýrslu.
2. Breyting á DMT-nefnd.
3. Dómaranámskeið.
4. Önnur mál.
 - a. Dómarar sem ekki eru á lista.
 - b. Klæðnaður dómara.

Viðstaddir: Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Björn Valdimarsson, Gunnlaugur Þránínsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Steinunn R. Einarsdóttir, Ragnhildur Guðjónsdóttir og Ólafur Baldursson,

Dagskrá:

1. Farið var yfir skýrslu DMT-nefndar fyrir starfsárið haust 2011 áramóta 2012/2013. Ólafur sér um að skila henni til stjórnar SSÍ vegna Sundþingsins.
2. Steinunn og Ingibjörg óska eftir að hætta í DMT-nefnd. Kannað verður með nýtt fólk í nefndina, m.a. á Sundþingi.
3. Dómaranámskeið hefur verið auglýst hjá félögunum. Kennslukvöldin verða þriðjudaginn 26. febrúar og fimmtudaginn 28. febrúar og verklegi hlutinn fer fram á Vormóti Fjölnis sem haldið verður 1.-3. mars n.k.
4. a. Skoðaðar voru mótaskýrslur þar sem fram koma nöfn dómara sem búið er að taka út af lista. Félögin virðast ekki bera saman þá lista sem þau fá reglulega send frá DMT-nefnd við dómara sem bjóða sig fram til starfa. Ítreka þarf við félögin að þau fari eftir listunum og kalli ekki til dómara sem eru ekki lengur á lista.
 b. Klæðnaður dómara á bakkanum. Mælst er til að yfirdómarar séu í hvítum síðum buxum við hvíta lokaða skó. Einnig er mælst til þess að aðrir dómarar mæti ekki í gallabuxum eða dökkum buxum á bakkann. Skoða þarf hvernig staðan er með dómaraboli.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir:</i>
Skýrslur fyrir Sundþing.	ÓB	Sem fyrst.

Fundi slitið kl: 18.30

Næsti fundur: verður boðað til hans.